

Hrísey, perla Eyjafjarðar

Ársskýrsla 2018



Um byggðaðróunarverkefnið Hrísey, perla Eyjafjarðar

Verkefnið í Hrísey hófst árið 2015 og verkefnisstjóri hóf störf í nóvember sama ár. Í stað þess að hefja verkefnið á íbúáþingi, eins og verklag Brothættra byggða gerir ráð fyrir, var unnin framtíðarsýn og markmið út frá niðurstöðum íbúafundar sem haldinn var árið 2013. Voru drög að stefnumótun kynnt fyrir íbúum á vel sóttum fundi árið 2016 og þá völdu Hríseyingar nafnið *Hrísey, perla Eyjafjarðar* á verkefnið.

Hríseyingar leggja áherslu á það að nýta sérstöðu og ímynd eyjarinnar til þess að byggja samfélagið upp. Íbúar telja eyjuna eiga mikið inni þegar kemur að ferðamennsku og að aukinnar markaðssetningar sé þörf til þess að koma eyjunn á framfæri til bæði ferðamanna og líka mögulegra íbúa. Samgöngur í land, og betri almenningsamgöngur á landi eru íbúum mjög hugleiknar enda þurfa þeir að sækja þjónustu í land. Hríseyingar vilja sjá fjölbreytni í atvinnulífi eyjarinnar og að nýsköpun sé meiri.

Verkefnið *Hrísey, perla Eyjafjarðar* byggir í grunninn á þremur meginmarkmiðum og undir hverju þeirra eru svo skilgreind og tímasett starfsmarkmið.

Meginmarkmiðin eru:

- Aðlaðandi og aðgengilegt eyjasamfélag
- Fjölbreytt atvinnulíf
- Sterkir innviðir

Undir meginmarkmiðunum eru síðan skilgreind 42 starfsmarkmið.

Í verkefnisstjórn Hríseyjar, perlu Eyjafjarðar sitja:

Eva Pandora Baldursdóttir - Byggðastofnun

Kristján Þ. Halldórsson – Byggðastofnun

Matthías Rögnvaldsson – Akureyrarkaupstaður

Gunnar Gíslason – Eyþing

Baldvin Valdemarsson – Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar

Linda María Ásgeirsdóttir – Fulltrúi íbúa

Þorgeir Jónsson – Fulltrúi íbúa

Í kjölfar sveitarstjórnarkosninga vorið 2018 tók Halla Björk Reynisdóttir við sæti Matthíasar sem fulltrúi sveitarfélagsins og Ólafur Búi Ólafsson tók sæti Þorgeirs sem fulltrúi íbúa.

Árið 2018

Frá janúar og fram í september 2018 var verkefnisstjóri einungis í hlutastarfi 30-50% meðfram fæðingarorlofi. Starfið fólst því að mestu leiti í utanumhaldi varðandi styrkúthlutanir, samningagerð og eftirfylgni með verkefnum. Orlof verkefnastjóra hafði án efa einhver áhrif á framgang verkefna þrátt fyrir að hann hafi alltaf reynt að vera til staðar og sinna brýnustu verkþáttum.

Verkefnastjóra var boðið að taka þátt í Erasmus+ verkefninu Innovation and Entrepreneurship for Fragile Communities in Europe, skammstafað INTERFACE, sem unnið er undir forrystu Byggðastofnunar. Öllum verkefnastjórum Brothættra byggða á Íslandi var boðið að taka þátt enda markmið verkefnisins að styðja við brothætta byggðir í þátttökulöndunum með því að útbúa kennslufni, þjálfra leiðbeinendur til starfa og halda námskeið. Þátttakendur komu frá fimm löndum auk Íslands.

Þátttaka verkefnastjóra hófst á haustmánuðum 2018 og fólst m.a. í verkefnavinnu og þjálfun ásamt öðrum þátttakendum. Verkefnastjóri ferðaðist til Borgarfjarðar Eystri í september og til Þingeyrar í nóvember til þess að taka þátt í vinnulotum tengdum verkefninu. Vinnuloturnar nýttust vel til þjálfunar og líka til tengslamyndunar við aðra verkefnastjóra á landinu.

Verkefnisstjórn Hríseyjar, perlu Eyjafjarðar fundaði fjórum sinnum árið 2018, þar af voru tveir símafundir:

- Símafundur þar sem íbúafundur var undirbúinn þann 7. Febrúar 2018
- Fundur fyrir íbúafund í Hrísey fór fram í Hlein þann 28. Febrúar 2018
- Símafundur þar sem farið var yfir umsóknir um styrki þann 12. júní 2018
- Fundur í fundarsal AFE á Akureyri þann 20. desember 2018

Verkefni sem áttu að klárast 2018

Menntasetur í Hrísey var metnaðarfullt verkefni sem fékk styrk frá Hrísey, perlu Eyjafjarðar árin 2016 og 2017. Í lok árs 2017 kom í ljós að verkefnið væri ekki að ganga upp sem skildi og því var ákveðið að hætta við það. Verkefnisstjóri þess fékk greiddan út kostnað sem hann vissulega hafði lagt út fyrir en restin af styrkféinu kom til úthlutunar árið 2018 ásamt framlagi Byggðastofnunar.

Helstu verkefni ársins 2018

Árlegur íbúafundur var haldinn í Hlein 28. febrúar 2018. Fundurinn var mjög vel sóttur. Þar var farið yfir stöðu verkefnisins og hvernig gengi að ná þeim 42 starfsmarkmiðum sem sett voru fram í upphafi verkefnisins. Í knningu verkefnastjóra kom fram að búið var að klára 19 af markmiðunum og að önnur 15 eru í vinnslu.

Tveir styrkþegar verkefnisins komu á fundinn og voru með kynningar á sínum verkefnum. Guðni Þór Þrándarson frá Íslensku saltbrennslunni ehf. var með kynningu á framleiðsluáferð og afurð brennslunnar sem er jöð- og steinefnaríkt salt framleitt úr þara. Guðmundur Haukur Sigurðarson frá Vistorku var einnig með kynningu á Vistorku og því starfi sem unnið er þar, en hann fékk styrk til þess að teikna upp vegvísi fyrir jarðefnaeldsneytisláusa Hrísey.

Á mánuðunum fyrir fundinn hafði nokkurrar óánægju gætt meðal íbúa vegna starfsemi K&G ehf. Beindist óánægjan aðallega að því hversu lítil og óstöðug starfsemin væri og lítið um landanir afla í Hrísey.

Á fundinum hélt Sigurður Árnason, starfsmaður Byggðastofnunar, því einnig stutt erindi um byggðakvóta og úthlutunarreglur hans, en það var hugsað til þess að svara spurningum íbúa um þessi mál. Garðar Guðmundsson, annar eigenda K&G ehf. tók einnig til orðs og sagði fyrirtækið vilja auka vinnslu í Hrísey.

Hríseyjarbúðin ehf. hlaut myndarlegan styrk til þriggja ára úr stefnumótandi Byggðaáætlun og stendur rekstur verslunar í Hrísey því tryggari fótum en oft áður.

Verkefnastjóri fór inn á fund bæjarráðs Akureyrarbæjar í mars 2018 og fór yfir helstu verkefni sem eru á borði sveitarfélagsins í bæði Hrísey og Grímsey. Bæjarráð sendi svo liðina af verkefnalistanum áfram innan stjórnkerfis bæjarins.

Önnur helstu verkefni ársins snéru aðallega að samskiptum við styrkþega og sveitarfélagið varðandi ýmis mál.

Styrkir árið 2018

Auglýst var eftir styrkumsóknum í byggðapróunarverkefnið Hrísey, perla Eyjafjarðar í lok apríl 2018. Um var að ræða úthlutun styrkfjár verkefnisins fyrir árið 2018, kr. 7.000.000. auk kr. 600.000 sem eftir voru frá fyrra ári. Samtals kr. 7.600.000. Frestur til þess að skila inn umsóknum var til 13. maí og bárust alls tíu umsóknir um styrki. Níu verkefni hlutu styrk frá verkefnisstjórn Hríseyjar, perlu Eyjafjarðar, en einni umsókn var hafnað.

Umsækjendur sem hlutu styrki voru:

Hríseyjarskóli - Eyjasamstarf

Árið 2017 hófu skólarnir í Hrísey og Grímsey samstarf sem gafst mjög vel. Þetta verkefni er hugsað til þess að efla samstarf skólanna enn frekar. Skólarnir hafa áður fengið styrk fyrir verkefni sem hét veðrið og í því fólst m.a. uppsetning á veðurstöðvum í bæði Hrísey og Grímsey. Þetta verkefni er hugsað sem framhald af veðurverkefninu og í því felst m.a. heimsókn skólans til Grímseyjar auk fræðslu um veður og veðurfar. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 520.000.

Ferðamálafélag Hríseyjar - Traktorsferðir

Umsækjandi er Ferðamálafélag Hríseyjar. Verkefnið felst í því að gera upp traktorinn og traktorsvagninn sem Ferðamálafélagið hefur notað til þess að bjóða upp á traktorsferðir um eyjuna í gegnum árin. Bæði tæki eru komin nokkuð til ára sinna og því nauðsynlegt að sinna viðhaldi á þeim. Þar að auki eru gerðar meiri kröfur til fólksflutninga í dag en þegar traktorsferðirnar hófust og breytinga þörf á vagninum. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 900.000.

Jónína Sigurbjarnardóttir - Gróðurhús

Umsækjandi er Jónína Sigurbjarnardóttir. Verkefnið er framhald verkefnis sem áður hefur fengið styrk frá Hrísey, perlu Eyjafjarðar. Jónína hefur verið að koma sér upp aðstöðu til ræktunar á berjum í gróðurhúsum. Í þessari umsókn sækir hún um styrk til þess að kaupa stærra gróðurhús svo auka megi við fjölbreytnina í ræktuninni. Hún sér fyrir sér að geta jafnvel, með tíð og tíma, selt frá sér grænmeti og ber til ferðamanna eða jafnvel í búðina. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 700.000.

Hríseyjarbúðin – Betri aðstaða og þjónusta

Umsækjandi er Hríseyjarbúðin ehf. Hríseyjarbúðin sækir um styrk til þess að fara í framkvæmdir við að láta smíða pall fyrir framan verslunina og koma þar upp setsvæði. Einnig er sótt um styrk til þess að fara í endurbætur inni í versluninni, færa póstafgreiðsluna og fleira. Markmiðið með þessum framkvæmdum er að gera verslunina betur í stakk búna til þess að bjóða upp á veitingar og að gera fólki kleift að njóta þeirra á staðnum. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 1.200.000.

Kyrrðin ehf. – Kúlubbyggð í Hrísey

Umsækjandi er Kyrrðin ehf. Sótt er um fjármagn til að undirbúa uppsetningu kúlubbyggðar í Hrísey. Um er að ræða nýstárlega gerð gistingar/lúxusferða fyrir ferðamenn. Markmiðið er að búa til nýjan segul fyrir ferðamenn til að koma til Hríseyjar og gæti því átt samleið með öðrum ferðaðjónustuaðilum á svæðinu. Sótt er um styrk til þess að finna hentugan stað í Hrísey, fá samþykki fyrir uppsetningu og uppsetningu á tilraunakúlu. Verkefnið var styrkt um um kr. 1.100.000.

Lundaáhugamannafélag Hríseyjar - Lundabyggð

Umsækjandi er Bjarni Ómar Guðmundsson fyrir hönd félags lundaáhugamanna í Hrísey. Verkefnið felst í því að fá lunda til að setjast að í Hrísey. Til þess að fá lundann til að vilja setjast að þá er stefnt að því að senda uppstoppaðan lunda til Kína, láta taka afsteypu af honum og framleiða um 300 stykki. Gerfi-lundunum yrði svo komið fyrir á þeim stöðum sem fuglasérfræðingar væru sammála um að væru hentugir fyrir lundabyggð. Verkefnið hefur verið kynnt umhverfísráði Hríseyjar og Akureyrabæ. Verkefnið hefur fengið jákvæðar móttökur og samþykki Akureyrabæjar. Verkefnið er styrkt um kr. 450.000.

Íslenska saltbrennslan ehf - Markaðsverkefni Viking Silver

Umsækjandi er Íslenska Saltbrennslan ehf. sem áður hefur fengið styrk frá Hrísey, perlu Eyjafjarðar. Nú er verið að sækja um styrk til þess að kynna og markaðssetja vöruna svo að fyrirtæki eigi tryggan rekstrargrundvöll. Um er að ræða endurbætur á vefsíðu fyrirtækisins,

kynningar og viðtöl í fjölmiðlum og aðkeyptar auglýsingar. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 650.000.

Landnámsegg – Fegrin umhverfisins

Umsækjandi er Landnámsegg ehf. sem áður hefur fengið styrk frá Hrísey, perlu Eyjafjarðar til þess að koma á fót eggjaframleiðslu í Hrísey. Markmið verkefnisins að þessu sinni er að fegra umhverfið í kring um húsnæði Landnámseggja ehf. Umhverfið þarfnast töluverðra úrbóta til þess að hægt sé að fá leyfi fyrir lausagöngu hænanna utandyra. Einnig á að lagfæra vegkafla að húsinu og gróðursetja plöntur til þess að gera umhverfið vistlegra. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 550.000.

Hrísið - Hvannarólía

Umsækjandi er Hrísið ehf. Markmið verkefnisins er að hanna og smíða nothæfan búnað til að ná verðmætri olíu úr hvannarfræjum. Um er að ræða þekkta og eftirsótta vöru sem góður markaður er fyrir. Verkefnið fékk styrk að upphæð kr. 1.530.000.